

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna rammahluta fyrstu lotu Borgarlínu.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. október 2025 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem samþykkt var í borgarstjórn 3. júní 2025.

Í breytingunni felst rammahluti aðalskipulags Reykjavíkur um Borgarlínuna, fyrir fyrstu lotu hennar frá Ártúnshöfða að Fossvogsbrú. Sett er fram bindandi stefna fyrir kjarnastöðvar og leiðbeinandi staðsetning fyrir aðrar stöðvar. Auk þess eru sett fram viðmið sem líta ber til fyrir hönnun göturýma og innviða Borgarlínunnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. október 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 30. október 2025